

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Garðs, nr. 99/2004.

1. gr.

57. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kýs fulltrúa til fjögurra ára nema annað sé tekið fram í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. Fjármála- og rekstrarsvið.

- a) *Bæjarráð*. Þrjú bæjarfulltrúar sem aðalmenn og þrjú til vara, kosnir til eins árs skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
- b) *Kjörstjórn*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
- c) *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar).

2. Umhverfis-, skipulags- og byggingarsvið.

- a) *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fer með skipulagsmál sveitarfélagsins, byggingarmál, mál er tengjast breytingum og nýframkvæmdum á mannvirkjum í eigu sveitarfélagsins, þ.m.t. íþróttamannvirkjum og íþróttavöllum. Einnig fer nefndin með umferðarmál skv. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
- b) *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með umhverfismál sveitarfélagsins og setur fram ábendingar um það sem betur mætti fara í þeim efnum. Nefndin hefur umsjón með stefnumörkun vegna Staðardagskrár 21. Nefndin veitir einnig viðurkenningar fyrir lóðir og svæði sem skara fram úr fyrir snyrtimennsku.

3. Fjölskyldu- og menningarsvið.

- a) *Íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur með höndum stjórn íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsmála. Nefndin fer m.a. með málefni skólagarða, leikjanámskeiða, vinnuskóla, ungmennaklúbba og tómstundstarfs eldri borgara ásamt íþróttamálum allra aldurshópa. Einnig gerir nefndin tillögu að stefnumótun sveitarfélagsins í forvörnum og vinnur að þeim.
- b) *Ferða-, safna- og menningarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stefnumörkun í málefnum sem snúa að aðstöðu fyrir ferðamenn og markaðssetningu sveitarfélagsins sem eftirsóttur viðkomustaður. Nefndin fer einnig með stefnumörkun í menningarmálum og í safnamálum bæjarins, þ.m.t. málefni Byggðasafnsins á Garðskaga og bókasafns skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
- c) *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, sbr. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994, 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
- d) *Jafnréttisnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Nefndin gerir einnig tillögu að stefnumótun í málefnum innflytjenda og vinnur að þeim.

- e) *Barnaverndarnefnd.* Einn aðalmaður í sameiginlega barnaverndarnefnd Sveitarfélagsins Garðs, Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Voga skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
 - f) *Félagsmálanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara í sameiginlega nefnd Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- 4. Nefndir í samstarfi við önnur sveitarfélög og samtaka sem sveitarfélagið á aðild að.**
- a) *Almannavarnanefnd Suðurnesja.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
 - b) *Heilbrigðisnefnd Suðurnesja.* Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
 - c) *Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 5. gr. samþykktar S.S.S. frá 1986.
 - d) *Skólanefnd Fjölbautaskóla Suðurnesja.* Einn fulltrúi og annar til vara skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, sjá og stofnsamning dagsettan í nóvember 1978.
 - e) *Stjórn Dvalarheimila aldraðra.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 18. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
 - f) *Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja.* Einn aðalmaður og einn til vara, sbr. stofnsamning dagsettan í nóvember 1978.
 - g) *Ferlinefnd fatlaðra á Suðurnesjum.* Einn aðalmaður og einn til vara, sbr. samþykkt Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum frá desember 1988.
 - h) *Náttúruverndarnefnd.* Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefni í sameiginlega nefnd sveitarfélaganna, sbr. lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
 - i) *Þjónustuhópur aldraðra.* Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefni í þjónustuhóp aldraðra samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna þar um, sbr. lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.
 - j) *Brunavarnir Suðurnesja.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. stofnsamningi.
 - k) *Sameiginleg skipulagsnefnd um fyrrum varnarsvæði.* Nefndin er skipuð bæjarstjórnnum Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs. Nefndin vinnur að fjölgun atvinnutækifæra á Suðurnesjum.
 - l) *Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn aðalmaður og einn til vara, sbr. 4. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.

2. gr.

61. gr. verður svo hljóðandi:

Bæjarstjórn ræður yfirmenn deilda og stofnana sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum nema vald til slíks sé með lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir um sérmál tiltekinna stofnana.

3. gr.

62. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarráð ákveður fjölda stöðugilda stofnana.

Forstöðumenn ráða starfsmenn sinna stofnana, bæði fasta og lausráðna að fenginni staðfestingu bæjarstjóra og veita þeim lausn frá störfum að fenginni staðfestingu bæjarstjóra, nema að vald til slíks sé með lögum fengið öðrum aðila eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarstjóri ræður starfsfólk skrifstofu sveitarfélagsins í samráði við forseta bæjarstjórnar.

4. gr.

63. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar.

Bæjarráð ákveður hver almenn skilyrði skulu gilda um ráðningar í stöður hjá sveitarfélaginu.

5. gr.

64. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Fastráðnir starfsmenn sveitarfélagsins skulu ráðnir með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Gera skal skriflega ráðningarsamninga við fastráðna starfsmenn þar sem m.a. er kveðið á um ráðningartíma og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Garðs hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. desember 2007.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Stefanía Traustadóttir.